



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL BRETADROTTNINGAR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sendi í dag, þriðjudaginn 23. maí 2017, samúðarkveðju sína og íslensku þjóðarinnar til Elísabetar II Bretadrottningar vegna hryðjuverksins sem framið var í Manchester í gærkvöldi og beindist sérstaklega að unglingum.

Í kveðjunni segir forseti meðal annars að ekkert réttlæti hryðjuverk, enginn sem styðji ódæði af þessu tagi verðskuldi skjól í lýðræðissamfélagi. Hugur okkar Íslendinga sé hjá þeim særðu og þeim sem nú syrgja látna ástvini. Hann meti mikils viðbrögð þeirra sem komu slösuðum til bjargar á voðastundu og þann ríka samhug sem skapaðist í borginni.

23. maí 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).